

HJARTAVERND



Vinningur margra

-ávinningur allra

Allir hafa ástæðu til að taka þátt í happdrætti SÍBS. Fjórði hver miði hlýtur vinning sem þýðir að 18.750 manns hljóta vinning á þessu ári. En jafnframt því að hafa góða möguleika á vinningi eflir þú með þátttöku þinni möguleika SÍBS til þess að halda áfram uppbyggingu að Reykjalundi og Múlalundi til hjálpar þeim fjölda fólks sem þarf á endurhæfingu að halda.



Happdrætti SÍBS

HJARTAVERND



1. TÖLUBLAÐ
14. ÁRGANGUR
1977

EFNISYFIRLIT:

FRÉTTIR AF STARFI RANNSÓKNARSTÖÐVAR HJARTAVERNDAR	1
HOLLRÁÐ VIÐ HÁÞRÝSTINGI	4
HÖFUM VIÐ DREGIST AFTUR ÚR Í GREININGARTÆKNI HJARTASJÚKDÓMA?	6
HEILSUFARSRANNSÓKNIR HJARTAVERNDAR	12
NÝ SKÝRSLA UM BLÓÐMÆLINGAR	16

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.,
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

SETNING, UMBROT OG FILMUVINNA:
PRENTSTOFA G. BENEDIKTSSONAR

PRENTUN: ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK
HJARTA- OG ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRAR:
SNORRI P. SNORRASON LÆKNIR OG
NIKULÁS SIGFÚSSON LÆKNIR

AFGREÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,
AUSTURSTRÆTI 17, VI. HÆÐ — SÍMI 19420

Nikulás Sigfússon yfirlæknir:
Fréttir af starfi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar

Almennt yfirlit:

Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur nú starfað í um það bil 9 ár, en stöðin tók til starfa haustið 1976.

Rannsóknir stöðvarinnar hafa í meginatriðum verið tvíþættar:

Í fyrsta lagi hefur farið fram kerfisbundin hóprannsókn á Reykjavíkursvæðinu (Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur og Seltjarnarneskaupstaður). Sú rannsókn tekur til um 17.000 karla og kvenna sem voru á aldrinum 34-61 árs er rannsóknin hófst. Þessi rannsókn hefur verið gerð í þrem aföngum og verið er að ljúka 3. áfanga karlarannsóknarinnar, en síðasti áfangi kvennarannsóknarinnar er að hefjast.

I öðru lagi hefur farið fram rannsókn á fólkí utan Reykjavíkursvæðisins. Til hennar hefur verið boðið íbúum sýslnanna á aldrinum 41-60 ára. Rannsókn er nú lokið í 11 sýslum og 12 kaupstöðum landsins.

Alls hafa nú verið rannsakaðir um 40.000 einstaklingar á vegum Hjartaverndar.

Samstarf við innlenda og erlenda aðila

Frá byrjun hefur Rannsóknarstöð Hjartaverndar haft samstarf við ýmsa aðila.

1. Frá byrjun hefur verið samstarf við Gigtsjúkdómafélag íslenskra lækna, Rannsóknarstofu Háskólangs við Barónsstíg og Karolinska Institutet, Stokkhólmi, um könnun á liðagigt. Einnig hefur röntgendeild Borgarspítalans tekið þátt í þessari könnun.
2. Í samstarfi við erfðafræðinefd Háskóla Íslands var gerð könnun á blóðflokkum íslendinga.
3. Gerð hefur verið könnun á mataræði íslendinga. Stýrði þeirri rannsókn Gunnar Sigurðsson lækni.
4. S.I. 3 ár hefur Rannsóknarstöð Hjartaverndar verið þátttakandi í viðtækri rannsókn á

- háþrýstingi, er fram fer í 15 löndum á vegum Alþjóða-heilbrigðismálastofnunarinnar.
5. Í þeim áfanga, er nú stendur yfir, er unnið að könnun á taugasjúkdómum með sérstöku tilliti til blóðrásar-truflana á heilaæðum. Er þar samvinna við taugasjúkdómadeild Landspítalans.
 6. Gerð hefur verið ýtarleg rannsókn á fólk er gengist hefur undir magaskurðaðgerð. Var rannsóknin gerð í samvinnu við lækna ýmissa deilda Landspítalans.
 7. Í samvinnu við krabbameins-skrána er unnið að könnun á hugsanlegu sambandi háþrýstings og krabbameins.
 8. Unnið er að könnun á gláku í samvinnu við göngudeild augndeildar á Landakots-spítala.
 9. Unnið hefur verið að rannsókn á leyndri þvagfærasýkingu meðal kvenna í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskólangs v/Barónsstíg og röntgendeild Borgarspítalans.
 10. Í samvinnu við Ársæl Jónsson lækni hefur verið unnið að könnun á áhrifum breyts mataræðis til lækkunar kol-esterols blóðsins.
- Helstu niðurstöður.*
- Á þeim 9 árum, er Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur starfað, hefur verið safnað mikilvægum upplýsingum um það fólk sem tekið hefur þátt í hinum kerfisbundnu rannsóknum. Þessar athuganir hafa jafnóðum verið færðar á gataspjöld og úrvinnsla þeirra að nokkru leyti farið fram í tölvum.
- Áhersla hefur verið lögð á að birta niðurstöður í ýtarlegum heimildarskýrslum. Þessar skýrslur hafa að jafnaði verið gefnar út bæði á íslensku og ensku. Alls hafa nú komið út 5 slíkar skýrslur og gerð þeirrar sjöttu að mestu lokið í erlendum og innlendum læknaritum hafa birst 15 vísindalegar greinar um niðurstöður hóprannsóknar Hjartaverndar. Auk þess hafa verið gefnar út 9 ársskýrslur. Margar fræðslugreinar um starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar hafa birst í tímaritinu Hjartavernd og fleiri tímaritum og dagblöðum.
- Kunnugt er að tíðni hjarta- og ædasjúkdóma er mikil hér á landi. Rannsókn Hjartaverndar hefur að verulegu leyti beinst að því að kanna útbreiðslu þessara sjúkdóma, svo og ýmissa „áhættubátta“ sem þeim eru tengdir.
- Helstu niðurstöður eru þessar:*
1. Einkenni um kransæðasjúkdóma fannst meðal 7.8% karla á aldrinum 34-61 árs.
 2. Háþrýstingur fannst meðal 26.6% karla og 20.8% kvenna á sama aldri.
 3. Sykursýki og byrjandi sykursýki fannst hjá 5%.
 4. Offita fannst hjá um 30%.
5. Æðaþrengsli í fótum fundust hjá um 0.5%.
6. Blóðskortur fannst hjá 2.5% karla.
7. Gláka fannst hjá um 2%.
8. Meðal kvenna fannst leynd þvagfærasýking hjá um 8%.
9. Blóðfita (kolesterol) íslenskra karla er há í samanburði við aðrar þjóðir. Um fjórðungur íslenskra karla er með verulega hækkaða blóðfitu.
10. Niðurstöður ýmissa efnamælinga meðal íslenskra karla hafa verið birtar í ýtarlegum skýrslum. Má þar nefna blóðfitumælingar (kolesterol, þriglyseríð, B-lipoprotein), mælingar á blóðrauða (hemoglobin, hemotókrit, MCHC) og sökki og mælingar á gigtarþætti í blóði (rheumatoid factor) en allar þessar rannsóknir eru mikil notaðar af læknum við greiningu sjúkdóma.

Þess skal getið að verlegur hluti þeirra sjúkdóma, er fundust, var áður óþekktur. Þannig reyndist þremur fjórðu hlutum þeirra karla, er höfðu háþrýsting, vera ókunnugt um þennan sjúkdóm og um helmingur kvennanna vissi ekki um þennan sjúkdóm.

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERZLUN RÍKISINS

Skrifstofa Borgartúni 7
Sími 24280

Opið mánudaga til föstudaga
frá kl. 8.45 - 16.30

Útborganir á fimmtudögum
frá kl. 10-12 og 13-15

Aðeins 16% þeirra karla og kvenna, er höfðu háþrýsting, kváðust vera undir læknishendi vegna þessa sjúkdóms.

Háþrýstingur er alvarlegur sjúkdómur er m.a. eykur líkur á heila-blæðingum og kransæðasjúkdómi. Ljóst er af framangreindu að mikill fjöldi fólks gengur með dulinn háþrýsting og svo virðist einnig að meðferð sé verulega ábótavant meðal þeirra sem vita um sjúkdóminn.

Hækkuð blóðfita (kolesterol) er alvarlegur áhættuþáttur við kransæðasjúkdóm. Þessarar hættu fer verulega að gæta þegar kolesterol blóðsins fer yfir 280 mg% en um ¼ íslenskra karla er yfir þessum mörkum.

Offita er mjög algeng hérlendis. Þyngd íslenskra karla er að meðaltali um 10 kg yfir kjörþyngd. Þyngdin er þó breytileg eftir árstíðum og þyngjast karlar um því næst 4 kg yfir vetrarmánuðina en léttast aftur að sumrinu. Kolesterol blóðsins breytist einnig á svipaðan hátt og er um 30 mg% hærra í febrúar-mars en síðumars.

Rannsókn sú á mataræði, er áður getur, bendir til þess að fituneysla hér sé mikil, um 40% af hitaeiningum fæðunnar kemur úr fitu en æskilegt er talið að þetta hlutfall sé um 25%. Rannsóknin benti einnig til þess að meginhluti þessarar fitu sé dýrafita.

Skortur á líkamsþjáfun eða áreynslu er einnig áhættuþáttur við kransæðasjúkdóm. Í hóprannsókn Hjartaverndar á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að um það bil helmingur allra karla vinnur kyrrsetustörf. Reglubundna líkamsþjálfun stunduðu um 20% á aldrinum 20-29 ára, 13% á aldrinum 30-39 ára, 9% á

aldrinum 40-49 ára og aðeins 2% á aldrinum 50-59 ára.

Varðandi konur kom í ljós að langflestari (80%) skráðu húsmóðurstarf sem aðalstarf. Reglubundin líkamsþjálfun meðal kvenna hér á landi er ennþá fátíðari en meðal karla. Á aldrinum 20-29 ára sögðust 7% kvenna hafa stundað íþróttir reglulega, á aldrinum 30-39 ára 6%, á aldrinum 40-49 ára 4% og á aldrinum 50-59 ára aðeins 1%.

Skrá yfir svæði sem rannsókuð hafa verið haustið 1976.

Kaupstaðir	Íbúafjöldi
Reykjavík	84.772
Seltjarnarnes	2.494

Kópavogur	12.090
Hafnarfjörður	11.372
Keflavík	6.113
Grindavík	1.598
Akranes	4.514
Bolungarvík	1.027
Ísafjörður	3.054
Siglufjörður	2.080
Ólafsfjörður	1.123
Akureyri	11.689
	141.926

Sýslur	
Gullbringusýsla	4.107
Kjósarsýsla	6.170
Borgarfjarðarsýsla	1.424
Mýrasýsla	2.289
V- Barðastrandarsýsla	1.984
V- Ísafjarðarsýsla	1.676
N- Ísafjarðarsýsla	567
A- Húnnavatnssýsla	2.434
Eyjafjarðarsýsla	2.704
Rangárvallasýsla	3.539
Árnессýsla	9.226
	36.120

Ríkisútvarpið

Auglýsingasímar
22274 – 22275

Hollráð við háþrýstingi

„Hollráð við háþrýstingi“ (háum blóðþrýstingi) sem hér fara á eftir voru tekin saman af sérfræðingum lyflæknisdeildar Landspítalans og eru ætluð til fræðslu og leiðbeiningar fólki með háþrýsting.

Hvað er blóðþrýstingur?

Með orðinu blóðþrýstingur er átt við þrýstinginn í slagæðum líkamans. Hjartað dælir blóði út í slagæðarnar og blóðþrýstingurinn ræðst að nokkru af samdráttarafli hjartans en þó að mestu af samdrætti og slökun í smáslagæðum líkamans. Hjartað dregst saman og dælir 50-100 sinnum á mínútu. Í hverjum samdrætti hækkar blóðþrýstingurinn („systoliskur þrýstingur“ „efri mörkin“), en lækkar milli slaga þegar hjartað hvílist („diastoliskur þrýstingur“ „neðri mörkin“). Þegar læknir hefur mælt blóðþrýstinginn, skráir hann þess vegna tvær tölur t.d. 165/105 eða 165 yfir 105. Þá er 165 systoliskur þrýstingur eða efri mörkin en 105 diastoliskur þrýstingur eða neðri mörkin.

Ath. Tölurnar tákna þann þrýsting, sem þarf til að lyfta kvikasifurs-súlu í tiltekna hæð í millimetrum.

Hvað er eðlilegur blóðþrýstingur?

Blóðþrýstingur er mismunandi hár í heilbrigðu fólk. Venjulega hækkar þrýstingurinn með aldrinum, þannig að þrýstingur, sem telst eðlilegur hjá rosknu fólk, getur verið óeðlilega hár í unglungum. Líkamleg áreynsla og andleg spenna hafa líka í för með sér blóðþrýstingshækkun. Þannig er ekki ávallt að marka blóðþrýstingsgildi sem mæld eru í fyrsta skipti sem sjúklingsurinn kemur til læknis. Læknirinn getur því ekki verið viss um að um raunverulegan háþrýsting sé að ræða fyrr en blóðþrýstingshækkun hefur mælst oftar en einu sinni. Margir telja 140/95 efri mörk eðlislegs blóðþrýstings.

Hverjar eru orsakir háþrýstings?

U.þ.b. 10% sjúklinga með háþrýsting hafa einhvern þann sjúkdóm sem telja má orsök háþrýstings. Meðal slíkra þekktra orsaka háþrýstings eru nýrnasjúkdómar algengastir. Hjá um 90 af hundraði sjúklinga með háþrýsting verður blóðþrýstingshækkun af því að minnstu slagæðarnar dragast sam-

an og þrengjast af óþekktum orsökum. Þess vegna þarf hjartað að dragast saman með meira afli (þrýstingi) gegn aukinni móttöðu. Læknismeðferð beinist oft að því að víkka út þessar minnstu slagæðar með lyfjagjöf. Háþrýstingur er algengur í sumum ættum og mikið saltát hefur stundum í för með sér hækkun blóðþrýstings. Tíðni háþrýstings fer vaxandi með aldrinum og allstór hundraðshlutu miðaldra og roskinna íslendinga hefur háþrýsting.

Hvers þarf fólk með háþrýsting að gæta?

Oft fylgja engin óþægindi háum blóðþrýstingi og menn kenna sér einskis meins. Þannig finnst háþrýstingur oft af tilviljun hjá sjúklingu sem leitað hafa læknis af óskyldum ástæðum. Háþrýstingur er algeng orsök heilablæðingar, hjartabilunar og nýrnabilunar. Ef tekst að halda háþrýstingi í skefjum með heppilegri lyfjameðferð minnkar hættan á þessum sjúkdómum verulega. Allir þeir, sem einhvern tíma hafa haft háþrýsting, þurfa að láta fylgjast með blóðþrýstingnum reglulega.

Hvernig er háþrýstingur meðhöndlaður?

Eins og áður getur er háþrýstingur algeng orsök ýmissa alvarlegra fylgikvilla. Meðhöndlun háþrýstings beinist að því að minnka hættuna á þessum fylgikvillum. Með réttri meðferð er venjulega unnt að halda þrýstingnum innan eðlilegra marka. Oftast er nauðsynlegt að halda meðferð áfram ævilangt, enda hækkar þrýstingurinn venjulega ef meðferð er hætt.

Auk lyfjameðferðar felst meðhöndlun háþrýstings venjulega í almennum ráðleggingum, t.d. um mataræði, hæfilegri áreynslu og líkamsrækt, varúð við andlegri streitu, einnig takmörkun reykinga og megrun ef við á.

Mikill fjöldi lyfja hefur reynst gagnlegur til að lækka háþrýsting. Stundum nægir að taka eina tegund af lyfjum, en oftast er nauðsynlegt að taka tvær eða fleiri tegundir saman. Venjulega þarf að taka lyfin oftast en einu sinni á dag. Takið lyfin nákvæmlega eins og læknir leggur

fyrir og breytið ekki skömmtunum sjálf.

Ef læknir hefur ráðlagt yður tiltekna lyfjameðferð er nauðsynlegt að taka lyfin alveg eins og hann lagði fyrir, jafnvel þótt yður líði ágætlega. Hafið þó samband við lækninn ef einhver óþægindi koma fram. Gott er að hafa sérstaka reglu á lyfjagjöfinni, t.d. taka lyfin fyrir morgunmat, hádegismat og kvöldmat eða á öðrum tímum sem auðvelt er að muna. Biðjið ættingja eða fjölskyldumeðlimi að minna yður á að fylgja fyrirmælum læknisins í hvívetna.

Sömu lyfin henta ekki öllum sjúklingum. Takið því ekki lyf sem öðrum hafa verið gefin.

Aðrar lífsreglur:

Venjulega þarf fólk með háþrýsting ekki að breyta lífernir sínu að miklu marki. Hæfileg hreyfing er holl og gagnlegt er að stunda göngur, sund, skokk, blak, badminton eða aðrar léttar íþróttir. Ástæðulaust er að draga úr venjulegu kynlífi. Heit böð og sauna er ekki til skaða, en farið ekki í mjög köld böð á eftir. Takið lyfin á venjulegan hátt þó að þér hafið bragðað áfengi.

Höfum við dregist aftur úr í greiningartækni hjartasjúkdóma?

Hina þrjá áratugi, sem liðnir eru frá lokum síðari heimstyrjaldarinnar, hefur tækni við greiningu hjartasjúkdóma mjög fleygt fram. Undir forystu læknanna André Cournand í New York og John McMicheal í London náði hjartaþræðingartækniin slíkri fullkomnum á árunum 1940-1950 að um gerbytingu var að ræða. Þá tókst í fyrsta sinn að mæla nákvæmlega afköst hjartans, þrýsting í hjartahólfum og samdráttarhæfni hjartavöðvans. Hin öra þróun, sem síðan hefur átt sér stað í hjartaskurðlækningum og lyflækningum, hefur til skamms tíma byggst á þessum greiningaraðferðum. Það varð þó fljótegla ljóst, að hjartaþræðingar voru ekki alfullkomin tækni. Helstu ókostir þeirra eru eftirfarandi:

1. Hjartaþræðingar hafa í för með sér lága, en þó umtalsverða tíðni fylgikvilla, t.d. segamyndun í slagæðum, segavörp og blæðingu í gollurshús. Einnig er geislun talsverð við þræðingu.
2. Við hjartaþræðingar eru sjúklíngar oft kvíðir og órólegir, einkum hinir yngri. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa því oft


ranga mynd af starfrænu ástandi hjarta og blóðrásar.

3. Hjartaþræðingar eru kostnaðarsamar í tækjabúnaði og starfsliði. Það segir þó sína sögu um mikilvægi þessarar rannsóknararferðar, að henni er beitt í sí-vaxandi mæli um allan heim. Hjartaþræðingar voru fyrst framkvæmdar í Landspítalanum árið 1963, en kerfisbundnar hjartaþræðingar voru teknar upp í spítalanum árið 1969.

Þeir vankantar, sem nefndir hafa verið, hafa leitt til þess, að s.l. 10 ár hefur mikill hluti rannsóknarstarfa í hjartasjúkdómafræði beinst að þróun aðferða, sem ekki krefjast þræðingar (non-invasive techniques). Það er tilgangur þessarar greinar að vekja athygli á nokkrum nýjum greiningaraðferðum hjartasjúkdóma, sem knýjandi nauðsyn ber til að tekna verði upp hér á landi.

Bergmálstækni (echocardiography).

Fyrsti læknirinn, sem vitað er um að hafi sameinað áhuga á tónfræði og hjartasjúkdómum, var Herophilus (um 300 fyrir Krist). Hann setti fram



Dr. Þórður Harðarson er fæddur í Reykjavík 14. mars 1940. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1960 og lauk kandidatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1967. Hann stundaði framhaldsnám í lyflækningum og hjartasjúkdómafræði við Royal Post-graduate Medical School (Hammersmith Hospital, London) 1970-1974, Baylor College of Medicine í Houston, Texas 1974-1975 og starfaði að sérgrein sinni við University of California í San Diego 1975-1976.

Hann lauk doktorsprófi í hjartasjúkdómafræði frá Lundúnaháskóla 1974. Dr. Þórður er nú yfirlæknir lyflæknisdeildar Borgarspítalans.

mjög flókna kenningu um eðli hjartsláttar: „Hvaða orð lýsir hjartslátti best? Taktur eins og í tónlist. Ef við viljum skilja eðli hjartsláttar, verðum við því að leggja stund á tónfræði.“ Af þessum hugmyndum spratt fræðigrein um hjartað, sem aðeins færstu hljóðfæraleikarar gátu tileinkað sér.

Á seinni árum hafa hátíðnihljóð og bergmálstækni verið notuð í

sívaxandi mæli við greiningu hjartasjúkdóma og raunar valdið byltingu á því sviði. Fyrstu rannsóknir á bergmálstækni voru gerðar á 19. öld. Ekki er þó vitað til, að þær hafi komið að hagkvænum notum fyrr en 1929, þegar Sokoloff fann upp aðferð til að staðsetja málmgalla á þennan hátt. Í síðari heimsstyrjöld reyndust hátiðnihljóð hafa ýmislegt hernaðargildi. Flotar styrjaldaraðila notuðu þau t.d. til að finna hluti neðansjávar, einkum kafbáta (Sonar) (Mynd I).

Skömmu fyrir 1950 beindist athygli lækna fyrst að hátiðnihljóðum. Keidel í Þýskalandi varð fyrstur til að rannsaka hjartað á þennan hátt. Hann notaði tvö tæki, annað sendi hljóðbylgjur gegnum hjartað, en hitt, hljóðnemi, var sett á bak sjúklingsins. Nútima tækni notar sama tækið til að senda hljóðbylgjurnar og veita þeim viðtöku. Svíar tveir, Hertz og Edler, urðu fyrstir til að beita þeirri tækni til að rannsaka hjartalokurnar og bakvegg hjartans. Þó að sú tækni, sem þeir réðu yfir, hafi verið frumstæð, marka rannsóknir Hertz og Edlers tíma móti.

Ekki er erfitt að skilja, hvernig nútíma bergmálstækni starfa. Kjarni tækisins er kristall (mynd II), sem sendir frá sér hljóð, þegar rafstraum er hleypt í gegnum hann (pulse generator). Tíðni hljóðsins er mjög há, eða um 1-5 milljón bylgjur á sekúndu. Hljóðinu má svo beina að hverju því líffæri, sem vera vill, en kristallinn nemur endurkastið eða bergmálið og breytir því aftur í rafmagn. Rafstraumur þessi er svo leiddur til magnara (amplifier) og rafsjár. Með því að tímasetja endurkastið má fá vitnesku um lögun og staðsetningu þeirra líffæra, sem bergmálinu valda. Mynd III sýnir, hvernig hljóðnema er halddið upp að brjóstvegg sjúklings. Síðan má beina hljóðnemanum í ýmsar áttir (geislastefnur 1.-4.) og kanna þannig stærð og staðsetningu hinna ýmsu hjartahólfa og hjartaloka.

Hvert er þá notagildi bergmálstækni við greiningu einstakra hjartasjúkdóma?


I. Lokusjúkdómar:

Hljóðbylgjutækni telst nú ómissandi við greiningu og eftirlit sjúk-

linga með sjúkdóma í hjartalokum. Unnt er með fullvissu að greina þrengsli og leka á mitur- og ósæðarlökum, en venjulega leggjast lokusjúkdómar harðast á þær. Margfalt bergmálsendurkast frá þessum lokum gefur bindingar um þykjun og kalkinnihald. Einnig er unnt að meta, hve hreyfanlegar lokurnar eru og hvort festingar þeirra eru kalkaðar.


Þessar upplýsingar eru ómetanlegar, þegar ákveða skal þörf á skurðaðgerð og/eða tegund aðgerðar og ófáanlegar með öðru móti. Hafi gerviloka verið grædd í sjúkling, má meta starf gervilokunnar t.d. með hljóðbylgjutækni, hvort hún hreyfist eðlilega eða stendur á sér.

Við hjartabælsbólgu (endocarditis), sem oftast er banvæn án meðhöndlunar, myndast bólguþvextir á lokunum. Þessa útvexti er aðeins unnt að finna með hljóðbylgjutækni, sem auðveldar þannig greiningu og eftirlit sjúklinga með þennan sjúkdóm.



Mynd 1. Bergmálstækni við dýptarmælingar.

Meiri hluti fullorðinna íslendinga, sem fara utan til hjartaaðgerðar, þjáist af lokusjúkdóum. Höfundur þessarar greinar starfaði á Hammersmith Hospital í London á árunum 1971-1974 og hafði þá eftirlit með flestum þessara íslendinga. Hinir bresku hjartalæknar létu framkvæma hljóðbylgjurannsókn á nær öllum þessum sjúklingum, bæði fyrir og eftir aðgerðina. Ekki hefur verið unnt að fylgja eftir þessu eftirliti hér á Íslandi vegna skorts á hljóðbylgjutækni. Það er álit flestra hjartalækna, að erfitt sé nú á tímum að annast eftirlit sjúklinga með alvarlega lokugalla, þar sem ekki er aðgangur að þessum tækjum.



Mynd 2. Bergmálstækni við hjartaramnsóknir.

II. Meðfæddir hjartagallar:

Hraðar framfarir hafa orðið á síðari árum í greiningu meðfæddra hjartagalla með hljóðbylgjutækni. Má hiklaust telja, að næst hjartaþræðingum sé hljóðbylgjutækni gagnlegasta rannsókaraðferð, sem völ er á í þessu viðfangi. Með hljóðbylgjutækni má greina stærð, lögum og astöðu forhólfa og afturhólfa hjartans og astöðu lungnaslagæðar og ósæðar. Afstaða þessara hluta hjartans innbyrðis er venjulega á einhvern hátt úr lagi færð í meðfæddum hjartasjúkdómum. Meðal algengra hjartagalla, sem greina má með nokkurri vissu, má nefna gat milli forhólfa (atrial septal defect), Fallot's tetralogy, umskipting stóraða (transposition), Ebsteins anomalia, fibroelastosis og aðra fátiðari sjúkdóma.

III. Kransæðasjúkdómar:


Kransæðasjúkdómar eru algengastir hjartasjúkdóma, jafnt á Íslandi

sem í öðrum vestrænum löndum, og hefur tíðni þeirra farið vaxandi á undanförnum áratugum. Nýlega hafa orðið umtalsverðar framfarir í meðferð þessa sjúkdóms með skurðaðgerðum (coronary artery bypass).

Þetta hefur gert auknar kröfur um nákvæmt mat á ástandi kransæða og samdráttarhæfni hjartavöðvans og

Kransæðaþrengsli er aðeins unnt að staðsetja með hjartaþræðingu. Hins vegar er hljóðbylgjutækni mjög gagnleg við mat á ástandi hjartavöðvans og eftirlit með breytingum á því.

Þegar kransæðasjúkdómur er kominn á hátt stig, minnkar samdráttarhæfni hjartavöðvans og



Mynd 3. Þverskurður af brjóstvegg sjúklings við bergmálsrannsókn. Hljóðnema er haldið fast að brjóstvegg sjúklingsins, en beina má hljóðbylgjum í ymsar áttir (1-4). Efstir endurkasti hljóðsins má fá hugmynd um stærð og staðsetningu hjartahólfa og hjartaloka.

hjartað stækkar. Aðaldæla hjartans, vinstra afturhólf, er að jafnaði fyrst til að gefa sig. Þegar svo er komið, er fæstum sjúklingum treyst til aðgerðar, jafnvel þótt kransæðarnar sjálfar kunni að vera skurðtækar. Hljóðbylgjutækni er eina aðferðin, sem völ er á, utan hjartapræðinga, til að greina byrjandi stækkan á vinstra afturhólf, og gerir þá stundum hjartapræðingu óparfa. Með sams konar aðferðum er unnt að mæla afköst hjartans með nokkurri nákvæmni (lítrar/mínútu).

IV. Vökvasafn í gollurshúsi:

Við ýmsa sjúkdóma safnast vökví í gollurshús. Meðal þeirra má nefna hjarta- og nýrnasjúkdóma, liðagigt, krabbamein og stungusár í brjóstkassa. Sé vökvamyndun hröð, getur hún leitt til dauða sjúklingsins á skömmum tíma. Fyrsta meðferð eftir greiningu er að jafnaði ástunga.

Engin greiningaraðferð stenst samanburð við hljóðbylgjutækni til að greina vökva í gollurshúsi. Á bergmálsmyndinni kemur vökvinn fram sem autt bil aftan við vinstra afturhólf, og má greina vökvasketn, sem ekki nemur meira en 100 millítrum. Þannig er unnt að grípa til viðeigandi meðferðar í tíma, áður en hætta steðjar að.

V. Sjúkdómar í hjartavöðva:

Sjúkdómar í hjartavöðva greinast í tvennt, eftir því hvort um er að ræða þykknun á hjartavegg (hypertrophy) eða útvíkkun á vinstra afturhólf.

Hljóðbylgjutækni er nákvæmasta

aðferð, sem völ er á, til greiningar á fyrri sjúkdómafloknum og standa vonir til, að með tímanlegri greiningu megi hefja viðeigandi meðferð, áður en sjúkdómurinn er kominn á hættulegt stig.

Eins og fyrr er getið, hefur hljóðbylgjutækni sérstöðu við greiningu á síðari sjúkdómsflokknum, eða stækkan á vinstra afturhólf, og jafnast þar á við hjartapræðingu.

VI. Hjartaæxli:

Algengasta æxli, sem á upptök sín í hjarta, nefnist myxoma og er að jafnaði staðsett í forhólfum hjartans. Myxoma er góðkynja æxli, en getur haeglega leitt til dauða sjúklings, ef það nær að fylla gatið milli forhólfss og afturhólfss eða festist þar skyndilega og stöðvar blóðrásina. Þessa tegund æxla er unnt að greina af meira öryggi með hljóðbylgjutækni en á nokkurn annan hátt. Ef þessi sjúkdómur er rétt greindur, leiðir skurðaðgerð til fulls bata.

S.l. 6-7 ár hefur þróun hljóðbylgjutækni verið með afbrigðum hröð. Bandarísk nefnd, sem starfar á vegum National Science Foundation í Washington, hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sala hljóðbylgjutækja muni fara fram úr sölu rötgentækja ekki síðar en árið 1982. Sala hljóðbylgjutækja þefaldaðist á árunum 1971-1973. Árið 1973 voru um 1000 félagsbundnir hljóðbylgjufræðingar í Bandaríkjum og mikill fjöldi ófélagsbundinna. Nefndin álítur, að um 1982 verði fjöldi slíkra tæknifræðinga orðinn um 50.000. (Tímaritið Science í október 1974).

Það er ljóst, að brýna nauðsyn ber til að a.m.k. eitt bergmálstæki til hjartarannsókna sé til hér á Íslandi.

Fullkominn tæki af Picker gerð kosta 24.000 bandarískra dali. Ef innfluttingstollar væru felldir niður af tækinu, jafngildir þetta um 4.5 milljónum króna, eða andvirði myndarlegrar fólksbifreiðar. Þetta er að vísu álitleg upphæð, en ætti ekki að vera ofviða okkar bílmörgu þjóð.

Gaman væri að heyra hugmyndir lesanda Hjartaverndar um það, hvernig unnt væri að afla fjár til þessa nauðsynjamáls.

Áreynslupróf:

Engum lesanda Hjartaverndar dytти í hug að kaupa notaða bifreið án þess að setjast upp í og prófa ganginn og vélinu. Á sama hátt er erfitt að dæma heilsufarsástand líkama, hjarta og blóðrásar án nákvæmra áreynsluprófa. Líkamlegt erfiði var að vísu lengi talið óheppilegt hjartasjúklingum, en sú skoðun hefur óðum verið að breytast undanfarna áratugi. Paul Dudley White, hinn frægi hjartalæknir, hjólaði til vinnu sinnar og skapaði þannig nýja tísku í stétt sinni. Sam Levine leyfði sjúklingum með kransæðastíflu að fara fram úr á þriðja degi og Arthur Master lét sjúklinga með hjartakeisu ganga upp og niður tveggja þrepa tröppu og skráði áreynsluhjartarit þeirra.

Áreynslupróf grundvallast á þeirri uppgötvun, að margir kransæðasjúklingar fá hjartakeisu og tilteknar breytingar á hjartariti við líkamlegt og andlegt erfiði. Þessar breytingar, sem Bousfield lýsti fyrstur árið 1918, hverfa við hvíld og eftir töku nitroglycerintöflu. Fyrstu áreynsluprófin voru margvísleg, við sum voru sjúklingsar látnir setjast upp og leggjast á bakið á víxl, sum

voru göngupróf, önnur lyftingapróf o.s.frv. Það var ekki fyrr en 1941, að Master lagði til, fyrstur manna, að hjartarafrít væru skráð fyrir og eftir áreynslupróf til þess að greina kransæðasjúkdóm. Um 1955 hafði tröppupróf Masters hlotið almenna viðurkenningu, sem einföld, ódýr og ábyggileg greiningaraðferð.

Nútíma þróun þrekprófa hófst árið 1957, þegar Robert Bruce, læknir í Seattle, Bandaríkjunum, birti niðurstöður rannsókna sinna, en hann notaði þrekbrautir (traðk-myllum) við þær. Mynd IV sýnir þrekbrautarpróf. Langur gúmmidregill liggur um tvö hjól, sem rafall snýr. Sá sem þrekprófaður er gengur á dreglinum og má stilla hraða hans og halla. Við tröppupróf Masters gengur sjúklingurinn ádur ákveðinn fjölda ferða yfir þrepin tvö. Við þrekpróf Bruce er sjúklingnum leyft að halda áfram eins og hann þolir, meðan hraði og hallibrautarinnar er aukinn að litlu marki hverju sinni, en að sjálfsögðu er unnt að stöðva snúning dregilsins fyrirvara laust. Aðalkostir þrekprófs Bruce eru því eftirfarandi:

I. Áreynslupol sjúklings er mælt á óhlutlaegan hátt, en það er oft erfitt að meta eftir frásögn sjúklingsins einni saman.

II. Unnt er að skera úr um það, hvaða einkenni hamla sjúklingi mest, t.d. mæði, hjartakveisa, hjartsláttartruflanir eða blóðþrýstingslækkun, og haga meðferð eftir því.

III. Gangur eftir sléttum dregli er flestum sjúklingum eðlileg áreynsla, eðlilegri en t.d. hjóreiðar á þrekjhóli og hættuminni en tröppugangur.

IV. Próf Bruce er miklu nákvæmara en próf Masters við greiningu hjartasjúkdóma. Ákveðnar hjartaritsbreytingar við þrekbrautarpróf gefa ótvíræða bendingu um að kransæðasjúkdómur sé fyrir hendi.


Þrekbrautir hafa enn ekki fengist til íslenskra sjúkrahúsa. Meðan svo er, getum við ekki greint kransæðaþrengsli með þeirri nákvæmni, sem æskilegt er, og við höfum ekki nákvæman mælikvarða á áreynslupol sjúklinga. Næst bergmálstæki er

e.t.v. brýnust þörf á þrekbrautum á hjartarannsóknarstofum sjúkrahúsanna.

Holter rafritun:

Hjartsláttartruflanir eru algengasta dánarorsök hjartasjúklinga. Slíkar truflanir geta verið vægar, t.d. einstaka aukaslag af og til, eða alvarlegar, t.d. röð af aukaslögum. Stundum fær heilbrigtrt fólk aukaslög, og fylgir því oft sú tilfinning, að hjartað sleppi slagi. Þetta stafar af því, að eftir aukaslagið hvílist hjartað lengi og fyllist óvenju mikið. Næsti samdráttur eftir hvíldina verður óvenjusterkur og skynja margir það einnig. Einstaka aukaslög hjá heilbrigðum eru ekki hættuleg, hins vegar geta slík aukaslög leitt til alvarlegra hjartsláttartruflana hjá hjartasjúklingum. Ef aukaslög eru tíð (5-10/mínútu), koma fyrir í röðum eða mjög snemma á eftir samdrætti skapast hætta á tveimur lífshættulegum truflunum, slegilspretti (ventricular tachycardia) og slegilflökti (ventricular fibrillation). Slegilsprett má stundum lækna með lyfjagjöf, en slegilflökt er banvænt nema hjartahnoði sé beitt þegar í stað og síðan raflosti. Það gefur auga leið, að gagnlegt er að eiga kost á tæki, sem telur aukaslögini og gerir vart við, ef þeim fjölgar, þannig að unnt er að grípa til viðeigandi meðferðar, ádur en í óefni er komið.

Venjuleg hjartarafritun (hjartalínurit, EKG) er ein mikilvægasta tækni, sem völ er á við mat á hjartasjúkdómum og eftirlit hjartasjúklinga. Gildi hennar er þó takmarkað. Hjartað slær 80-120 þúsund sinnum á sólarhring, en á venjulegu hjartariti eru aðeins skráð 50-100 slög. Engin vitneskja er því fyrir



Mynd 4. Áreynslupróf. Sj. gengur á þrekbraut, meðan nákvæmlega er fylgst með hjartsláttartíðni, blóðþrýstingi, hjartsláttartruflunum og öðrum rafritsbreytingum.

hendi um hjartsláttartruflanir, sem kunna að eiga sér stað í daglegri önn eða svefni. Hver er tíðni aukasлага eða annarra truflana við líkamlegt erfiði, eftir stórar máltíðir, við geðshræringu, drauma og aðrar mannlegar athafnir?

Hversu oft geta ekki slíkar truflanir fyrst gert vart við sig með skyndidauða?

Á seinni árum hefur fengist full reynsla af tækjabúnaði, sem leysir þetta vandamál að verulegu leyti. Hér er um að ræða svokallaða Holter rafritun, heitna eftir N.J. Holter, Hollendingi, sem fyrstur lýsti þessari tækni árið 1961. Nú er semsé hægt að skrá hjartarafrit samfleyyt 24 klukkustundir á lítið segulbandstæki, sem sjúklingur ber með sér, hvort sem hann fer. Tækið er af stærð við meðalstóran vindlakkasa, og flestir bera það í ól um öxl sér. Það truflar á engan hátt venjulegar athafnir daglegs lífs, utan húss eða innan. Eftir að skráningu lýkur, er lesið úr segulbandinu í vél, sem oft er að nokkrum sjálfvirk og getur t.d. talið aukaslagafjöldann á hverju því tímabili, sem óskað er. Einnig er hægt að grandskoða sérstaklega einstaka

hluta bandsins, þar sem truflanir eru tíðar eða frá þeim tímabilum, sem sjúklingur hefur orðið fyrir streitu af einhverju tagi. Ef þessi rafritun bendir til, að hætta sé á ferðum, má reyna lyfjameðferð. Eftir það er Holter ritunin endurtekin og áhrif meðferðarinnar metin og viðeigandi breytingar gerðar, ef þurfa þykir. Þannig má velja hverjum sjúklingi þau lyf og þá skammta, sem honum henta. Hingað til hefur fjárskortur hins opinbera komið í veg fyrir að Holter segulbönd fengjust til Íslands.

Niðurlag:

Undanfarin ár hefur um helmingur dánarorsaka á Íslandi verið hjarta- og æðakvillar. Umtalsverðar framfarir hafa nýlega átt sér stað í meðferð þessara sjúkdóma, bæði hvað snertir skurðaðgerðir og lyfjameðferð. Þessar framfarir gera kröfur til aukinnar nákvæmni í greiningu sjúkdóma.

Í þessari grein er kynnt þrennskonar tækni, sem nágrannsbjóðirnar ráða nú yfir, bergmálshjartaritun, þrekbrautapróf, og Holterrafritun. Tækin, sem rædd eru, eru öll nauðsynleg við greiningu og mat

hjartasjúkdóma, og öll eru löngu af tilraunastigi. Það varðar líf og velferð íslenskra hjartasjúklinga, að a.m.k. eitt að hverju tagi fáist til landsins.

1. Með bergmálstæki er unnt að greina og fylgjast með ýmsum hjartasjúkdómum af meiri nákvæmni en með nokkurri annarri aðferð. Tilvist slíks tækis ylli því, að oft gerðist ekki þörf á hjartaþræðingu, sem annars væri óhjákvæmileg.

2. Með þrekbrautarprófum er unnt að meta áreynsluþol hjartasjúklinga og árangur meðferðar.

3. Með Holterrafritun er hægt að greina lífshættulegar hjartsláttartruflanir, áður en í óefni er komið og grípa til viðeigandi meðferðar í tæka tíð.

Ljóst er, að fjárhagur hins íslenska ríkis hefur verið erfiður á stundum undanfarin ár. Hins vegar er ekki unnt að sætta sig við, að íslendingar dragist alvarlega aftur úr þeim nágrannaþjóðum, sem búa við svipað fjárhags- og heilbrigðisstig. Hér eru ekki stórar fjárhæðir í húfi og við getum ekki eingöngu treyst á velvilja líknarfélaga.

Heilsufarsrannsóknir Hjartaverndar

Viðtal við Sigurð Samúelsson prófessor,
áður birt í Morgunblaðinu.



Hver er starfsemi Hjartaverndar og hvernig er henni háttar?


Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur nú starfað í u.p.b. 9 ár, en stöðin tók til starfa haustið 1967. Rannsóknir stöðvarinnar hafa í meginatriðum verið tvíþættar: Í fyrsta lagi hefur farið fram kerfisbundin hóprannsókn á Reykjavík-ursvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi og Seltjarnarnesi). Sú rannsókn tekur til um 17.000 karla og kvenna, sem voru á aldrinum 34-61 árs, er rannsóknin hófst. Þessi rannsókn hefur verið gerð í þremur áföngum og verið er að ljúka þriðja áfanga karlarannsóknarinnar, en síðasta áfanga kvennarannsóknarinnar er ólokið. Í öðru lagi hefur farið fram rannsókn á fólkí utan Reykjavíkursvæðisins. Til þeirra rannsókna hefur verið boðið íbúum í sýslum og kaupstöðum landsins á aldrinum 41-60 ára. Rannsókn er nú lokið í 11 sýslum og 12 kaupstöðum og eru þar á meðal mestu þéttbýliskjarnarnir hér á landi (sjá kort).

